

**130. löggjafarþing 2003-2004.**  
**Þskj. 807 – 532. mál.**

**Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra  
við fyrirspurn um speglunaraðgerðir á hnjám.**

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður, Rannveig Guðmundsdóttir, hefur beint til mín spurningu um speglunaraðgerðir á hnjám með holsjá.

*Hver eru viðbrögð ráðherra við fjölda speglunaraðgerða á hnjám með holsjá og miklum kostnaði við þær? Hefur ráðuneytið látið kanna ástæður og þörf fyrir þennan mikla fjölda hátækniáðgerða?*

Nýverið var í fjölmiðlum nokkur umfjöllun um rannsókn sem gerð var á árangri af mismunandi aðgerðum vegna slitgigtar í hnjám, þar sem ýmsum liðspeglunaraðgerðum var beitt. Bentu niðurstöður rannsóknarinnar til þess að aðgerðirnar gerðu takmarkað gagn en áður hafði verið talið við ákveðinn flokk þessara aðgerða. Fram að því höfðu all margar rannsóknir áður bent til þess að slíkar aðgerðir gætu dregið úr sársauka. Síðan hefur mikil umræða átt sér stað um þessar niðurstöður, einkum meðal bæklunarlækna víða um heim. Landlæknisembættið hefur rætt við bæklunarlækna hér á landi um málið og vakið athygli á rannsókninni og niðurstöðum hennar. Þá munu bæklunarlæknar einnig hafa fjallað um rannsóknina í sínum hópi og verða áfram í samskiptum við landlæknisembættið um þann lærdóm sem af þessari rannsókn má draga.

Nokkuð erfitt er að fá upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um fjölda þeirra aðgerða sem eingöngu falla undir þann flokk, sem rannsóknin fjallaði um. Upplýsingar eru ekki haldbærar um svo nákvæmar ábendingar aðgerðanna. Eftir því sem næst verður komist má þó áætla að aðgerðafjöldi af þessum toga hafi á árinu 2001 verið 435 talsins, árið 2002 hafi aðgerðirnar verið 595 og árið 2003 um 700. Frekar að taka það fram í þessu tilefni að liðspeglunartæknin hefur gjörbreytt allri aðkomu við rannsóknir og aðgerðir á stórum liðum þar sem áður þurfti að gera opnar aðgerðir með meiri áhættu á fylgikvillum, lengri batatíma og fleira.

Virðulegi forseti.

Eins og áður hefur komið fram hefur landlæknisembættið þegar vakið athygli á niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar. Embættið hefur einnig lagt til að bætt verði úr skráningu á þeim aðgerðum sem Tryggingastofnun greiðir fyrir, þannig að auðvelduð verði nánari flokkun aðgerða eftir sjúkdómum. Mun landlæknisembættið vinna að frekari tillögum um slíka bættu skráningu sem myndi auðvelda að fylgjast með árangri, umfangi og fjölda einstakra undirflokka aðgerðanna.

Landlæknisembættið mun verða áfram í viðræðum við forystumenn bæklunarlækna og hefur í bigerð að ganga frá leiðbeiningum til að vekja frekari athygli á þessum nýju upplýsingum.

Virðulegi forseti.

Ég vona að þessar upplýsingar svari fyrirspurn háttvirts þingmanns.

(Talað orð gildir)